

Elfar Steinn Karlsson, hafnarstjóri
Aðalstræti 75
450 Patreksfjörður



Varðar: Fjárveiting til hafnaframkvæmda 2026

Samkvæmt vinnuskjali sem Vegagerðin vinnur eftir, með samþykki Samgönguráðuneytisins, er gert ráð fyrir að hefja eftirfarandi nýframkvæmdir í höfninni 2026:

Tafla 1: Heildarkostnaður framkvæmdar í milljónum kr.

Verkefni	Kostnaður án vsk.	%	Ríkishluti án vsk	Heimahluti án vsk
Bíldudalur trébryggja og dýpkun	241,-	60	144,-	97,-
Samtals:	241	60	144	97

Síða 1/1

Að áliti Vegagerðarinnar er hér um að ræða tæmandi lista yfir ný verkefni sem ríkið styrkir í ykkar sveitarfélagi á árinu 2026. Greiðsluflæði verkefna sem taka lengur en eitt ár er eftirfarandi:

Tafla 2: Árlegur heimahluti (m.vsk) framkvæmda á hverju ári [m.kr.].

Verkefni	Heildarkostnaður	2026	2027	2028	2028
Bíldudalur trébryggja og dýpkun	120	34	26	60	0

Farið er fram á að hafnarsjóður haldi framkvæmdunum aðgreindum í bókhaldi sínu til þess að auðvelda samanburð á framkvæmdatímanum og við endurskoðun. Það er ósk Vegagerðarinnar að fjallað verði um þessar framkvæmdir heima fyrir, ef það er ekki nú þegar lokið, og stofnuninni sent samþykki eða athugasemdir hafnarstjórnar vegna þeirra. Einnig er óskað eftir staðfestingu á að hafnarsjóðurinn geti staðið undir heimahluta framkvæmdakostnaðar og gert sé ráð fyrir því í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Kjartan Elíasson

Undirskrift

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is